

# Tillaga að STARFSLEYFI

UST202310-078

Þéttbært eldi varphænsna

Stjörnuegg hf.

Vallá, Kjalarnesi (162 Reykjavík)

Kt.: 630191-1579

## 1 ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Stjörnuegg hf. kt. 630191-1579, fyrir þéttbæru eldi varphæna að Vallá á Kjalarnesi, Reykjavík. Stjörnuegg hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlunar.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að reka eggjabú með stæði fyrir allt að 75.000 varp- og unghænur.

Heimilt er að auka umfang starfseminnar í stæði fyrir allt að 95.000 varp- og unghænur eftir tveggja ára reynslutíma og að undangengnu formlegu samþykki Umhverfisstofnunar.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tíðni vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsþæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

## 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Áætlun skal vera til staðar til bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvað skuli gert við fugla á búinu og hvernig gengið skuli frá úrgangi, eftum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi. Með áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki sé skilið eftir á svæðinu hráefni sem tilheyrir rekstrinum.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunarirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Neyðaráætlun skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri búins. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðhöndlun fugla og úrgangs þann tíma sem eggjabúið er ekki í rekstri og skal endurskoðuð reglulega. Áætlunin skal samþykkt af eftirlitsaðila.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megi út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

## 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið meðal annars í eftifarandi tilfellum:

- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

## 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.8 Upplýsingaráttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi lög nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vílast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögnum.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

## 2 STARFSHÆTTIR

### 2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsvenjum<sup>1</sup> og góðum búskaparháttum sem draga sem mest úr því á lagi sem starfsemin veldur á umhverfið, þ.m.t. varðandi starfshætti, fóðrun, lykt og alla meðferð úrgangs og förgun svo og að draga úr losun efna út í umhverfið eins og kostur er. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Beita skal bestu aðgengilegu tækni við að takmarka losun frá starfseminni með aðferðum sem samræmast BAT-niðurstöðum fyrir alifugla, sjá nánar í gr. 3.1.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Umhverfismarkmiðin skulu vera hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila<sup>2</sup> (sjá gr. 2.5).

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á starfsstöðinni og skulu starfsmenn fá kynningu á ákvæðum starfsleyfis<sup>3</sup>.

### 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

### 2.3 Aðstaða til mælinga

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits með losun samkvæmt starfsleyfi þessu og þeim mæliáætlunum sem starfsleyfið kveður á um.

### 2.4 Verkstjórн og takmörkun aðgangs

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.

<sup>1</sup> BAT 2, sbr. gr. 3.1.

<sup>2</sup> BAT 1, sbr. gr. 3.1.

<sup>3</sup> BAT 1 liður 4. a), b) c) og d). Sbr. gr. 3.1.

Rekstraraðila er skyldt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og sinna viðhaldi á mannvirkjum og búnaði.<sup>4</sup> Rekstraraðili skal sýna ýtratu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum og búnaði ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýtis eða hættu fyrir umhverfið.

Takmarka skal aðgang óviðkomandi að vinnusvæði þannig að almenningi stafi ekki hætta af starfseminni.

## 2.5 Umhverfisstjórnarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi<sup>5</sup>. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þáttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þáttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða annað kerfi sem uppfyllir kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi í BAT-niðurstöðum.

Umhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Umhverfisstjórnunarkerfið skal einnig fela í sér áætlun um hávaða- og lyktarstjórnun sé búist við óþægindatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau verið sönnuð<sup>6</sup>.

Rekstraraðila er heimilt að aðlaga umhverfistjórnunarkerfið að stærð, umfangi og flækjustigi rekstrarins og þeim umhverfisáhrifum sem hann kann að hafa<sup>7</sup>. Hefja skal vinnu við uppsetningu á umhverfisstjórnunarkerfi eigi síðar en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis og skal vinnu við uppsetningu lokið innan tveggja ára. Eftirlitsaðili skal upplýstur um stöðu innleiðingar umhverfisstjórnunarkerfisins í eftirlitum. Umhverfisstjórnunarkerfið skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila.

## 2.6 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.7 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.6. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

<sup>4</sup> BAT 2, sbr. gr. 3.1

<sup>5</sup> BAT 1, sbr. gr. 3.1

<sup>6</sup> BAT 1 töluliðir 10 (BAT 9) og 11 (BAT 12), sbr. gr. 3.1

<sup>7</sup> Heimild til að aðlaga kröfur á þennan hátt kemur fram í BAT 1, sbr. gr. 3.1

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um síkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnað tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt er skal heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið og heilsu manna.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

## 2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

## 2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal tryggja að notuð sé besta aðgengilega tækni (BAT) við mengunarvarnir, sbr. b. lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og nýta vel orku<sup>8</sup> og vatn<sup>9</sup>. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengilega tækni fyrir þéttbært eldi alifugla hefur verið skilgreind í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for Intensive Rearing of Poultry or Pigs”, 2017 og BAT-niðurstöðum vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína.<sup>10</sup>

<sup>8</sup> BAT 8, sbr. gr. 3.1

<sup>9</sup> BAT 5, sbr. gr. 3.1

<sup>10</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2017/302 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína hafa verið innleiddar með reglugerð nr. 935/2018.

BAT-niðurstöður eru m.a. aðgengilegar á íslensku á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Númeraðar BAT kröfur og tilvísanir í töflur í megintexta og neðanmálgreinum í þessu starfsleyfi vísa í þessar framkvæmdarákvarðanir.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemin sé ávallt í samræmi við BAT-niðurstöður.

Ef rekstraraðili breytir um valkost um bestu aðgengilegu tækni þá skal hann upplýsa eftirlitsaðila um þær breytingar og hvernig þær samræmast BAT-niðurstöðum.

Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda Umhverfisstofnun, að beiðni stofnunarinnar, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvað hætti hann hyggst taka upp hina nýju tækni en rökstyðja annars að honum sé það ekki mögulegt.

## HRÁEFNI, ELDSNEYTI OG FRAMLEIÐSLA

### 3.2 Hráefni og geymslur

Við móttöku hráefna skal gæta að því að hráefnið spillist ekki að óþörfu eða skemmist. Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annari dreifingu mengunar, þar með talið í frárennslí.

Rekstraraðila er skyld að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn. Engin mengandi efni mega leka í jarðveg. Eldsneyti skal geymt þannig að öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir séu tryggðar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð.

Geyma skal dýrahræ í vel lokuðu geymslurými, t.d. lekaheldum gámum, á meðan beðið er eftir að efnið sé flutt af svæðinu. Ekki má geyma aukaafurðir dýra í langtímageymslu utan lóðar án leyfis Umhverfisstofnunar.

### 3.3 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs (næringarefna) sé í lágmarki<sup>11</sup>, t.d. með fóðursamsetningu og næringaráætlun sem tekur tillit til vaxtarlíkana. Einnig skal við val á fóðri gera ráðstafanir vegna mögulegra áhrifa fóðursamsetningar á lyktarmyndun, t.a.m. protíninnihald.

Heildarlosun köfnunarefnis (N) og fosfórs (P) skal mæld og/eða metin<sup>12</sup> og skal losun vegna varphænsna ekki vera meiri en 0,8 kg N/stæði fyrir dýr/ári<sup>13</sup> og 0,45 kg P<sub>2</sub>O<sub>5</sub>/stæði fyrir dýr/ári<sup>14</sup>.

### 3.4 Varaafl

Varaaflstöðvum sem brenna jarðefnaeldsneyti skal vel við haldið þannig að þær valdi ekki mengun.

<sup>11</sup> BAT 3 og BAT 4, sbr. gr. 3.1

<sup>12</sup> BAT 24, sbr. gr. 3.1

<sup>13</sup> Tafla 1.1 í BAT 3 sbr. gr. 3.1

<sup>14</sup> Tafla 1.2 í BAT 4 sbr. gr. 3.1

### 3.5 Hávaði

Takmarka skal hávaða frá starfseminni<sup>15</sup>. Þess skal gætt að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi.<sup>16</sup> Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

### LOFT

### 3.6 Rykmengun

Rykmengun skal haldið í lágmarki með því að nota þá tækni sem skilgreind er í BAT-niðurstöðum.<sup>17</sup> Varast skal að ryk safnist upp við lofttúður eldihúsa.

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 817/2002, um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti, við eldihús innan marka byggingarreits skv. deiliskipulagi.

Eldihús skulu útbúin lofthreinsunarkerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka losun ryks<sup>18</sup>.

### 3.7 Lyktarmengun

Rekstraraðili skal halda lyktarmengun frá búinu í lágmarki. Notast skal við samblund þeirrar tækni sem skilgreind er í BAT-niðurstöðum til að koma í veg fyrir eða lágmarka lyktarmengun og losun ammoníaks. Eldihús skulu útbúin lofthreinsunarkerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka losun lyktar.<sup>19</sup> Séu ráðstafanir rekstraraðila til lágmörkunar lyktarmengunar ófullnægjandi að mati Umhverfisstofnunar getur eftirlitsaðili krafið rekstraraðila um viðbótaraðgerðir í samræmi við BAT-niðurstöðu. Gera skal ráðstafanir svo að lykt sem berst frá búinu, valdi ekki óþægindum í næstu byggð og/eða utan jarðamarka Vallár. Rekstraraðili skal vera með áætlun um lyktarstjórnun sbr. gr. 2.5.<sup>20</sup> Sé búist við lyktaróþægindatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau hafa verið sönnuð skal rekstraraðili vakta reglubundið losun lyktar í andrúmsloft.<sup>21</sup> Þá skal gæta þess að ryk og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Við byggingu nýrra húsa skal rekstraraðili fara eftir fjarlægðum eldihúsa við mannabústaði, útvistarsvæði og vinnustaði skv. 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína.

Heildarlosun ammoníaks ( $\text{NH}_3$ ) í andrúmsloft skal mæld og/eða metin<sup>22</sup> og ekki vera meiri en 0,13 kg  $\text{NH}_3/\text{stæði /ári}$  fyrir varphænur ekki í búrum<sup>23</sup>.

### VATN

### 3.8 Frárennsli

Frárennsli skal vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Frárennsli frá

<sup>15</sup> BAT 10, sbr. gr. 3.1

<sup>16</sup> BAT 9, sbr. gr. 3.1

<sup>17</sup> BAT 11, sbr. gr. 3.1

<sup>18</sup> BAT 11 c. liður og BAT 28 sbr. gr. 3.1

<sup>19</sup> BAT 13, BAT 14, BAT 28 og BAT 31, sbr. gr. 3.1

<sup>20</sup> BAT 12 sbr. gr. 3.1

<sup>21</sup> BAT 26, sbr. gr. 3.1

<sup>22</sup> BAT 25 og BAT 28, sbr. gr. 3.1

<sup>23</sup> Tafla 3.1 í BAT 31, sbr. gr. 3.1

starfsmannaðstöðu skal leitt í sér hreinsivirki. Meðhöndlun frárennslis frá starfseminni skal vera skv. BAT-niðurstöðum<sup>24</sup>. Niðurföll í eldisrýmum skulu vera lokað á eldistíma og eru aðeins opnuð þegar lokið er við útmokstur. Við þrif á eldiskum, skal leiða afrennslisvatn frá þvottaaðstöðu í settank og siturlögn.

Ofanvatn, sem ekki kemst í snertingu við húsdýraáburð, þarf ekki að leiða í settank og er heimilt að leiða slíkt vatn framhjá settanki í siturlögn eða í yfirborðsvatn.

Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi/tilskilin réttindi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar eða förgunar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

### **3.9 Meðhöndlun húsdýraáburðar og hauggeymslur**

Öll meðhöndlun húsdýraáburðar á búinu, þar með talin geymsla, vinnsla og dreifing hans, skal vera í samræmi við reglugerð nr. 804/1999, um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, og skilyrðum í BAT-niðurstöðum. Öllum húsdýraáburði skal safnað saman á þann hátt að mengun hljótist ekki af.

Dreifa skal húsdýraáburði skv. skilyrðum í BAT-niðurstöðum<sup>25</sup>, reglugerð nr. 804/1999 og taka skal einnig mið af starfsreglum um góða búskaparhætti.

Heimilt er að fela þriðja aðila dreifingu húsdýraáburðarins með samningum, enda samþykki sá aðili að fara eftir starfsreglum um góða búskaparhætti. Framsal rekstraraðila til þriðja aðila firrar hann þó ekki ábyrgð á meðhöndlun húsdýraáburðarins, komi í ljós að viðkomandi aðili uppfylli ekki tilskyldar kröfur eða hann meðhöndli húsdýraáburðinn ekki í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti. Liggja skal fyrir samningur við þá aðila sem taka við húsdýraáburði frá búinu og skal eftirlitsaðili hafa aðgang af þeim samningum.

Á þeim tíma árs sem ekki er hægt að nýta húsdýraáburð beint til áburðar, og honum ekki komið til þriðja aðila til dreifingar, skal hann geymdur í viðurkenndri hauggeymslu sem rúmar a.m.k. 6 mánaða birgðir af húsdýraáburði skv. reglugerð nr. 804/1999 og BAT-niðurstöðum<sup>26</sup>. Hauggeymsla skal vera þétt og hindra fok húsdýraáburðar eins og kostur. Frárennslu frá hauggeymslu fyrir þurran húsdýraáburð skal leitt í rotþró og siturlögn eftir útfærslu rekstraraðila í samræmi BAT-niðurstöður<sup>27</sup>. Við losun húsdýraáburðar úr hauggeymslu skal þess gætt að ekki verði mengun frá henni í nærliggjandi ár, læki eða jarðveg utan skilgreinds dreifingarsvæðis húsdýraáburðar.

Húsdýraáburður sem nýttur er til dreifingar á land fellur utan gildissviðs laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. b. lið 3. mgr. 2. gr. Húsdýraáburður fellur undir gildissvið reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Ef nauðsynlegt reynist að færa húsdýraáburðinn í brennslu, til urðunar eða notkunar í lífgas- eða myltingarstöð þá skilgreinist húsdýraáburðurinn sem úrgangur og skal meðhöndlaður skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

### **3.10 Lífríki og flokkun vatns**

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sínum sem sett eru fyrir þau. Reksturinn, þ.m.t. meðhöndlun húsdýraáburðar, má ekki valda því að

<sup>24</sup> BAT 6 og BAT 7, sbr. gr. 3.1

<sup>25</sup> BAT 20 og BAT 22, sbr. gr. 3.1

<sup>26</sup> BAT 14 og BAT 15, sbr. gr. 3.1

<sup>27</sup> BAT 15, sbr. gr. 3.1

ástandi nærliggjandi vatnshlota hraki. Gæðaþættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflotka í vatnaáætlun.

## ÚRGANGUR OG EFNAMEÐHÖNDLUN

### 3.11 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Meðferð úrgangs og spilliefna skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Fullnýta skal hráefni og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er og þannig skal draga skipulega úr myndun úrgangs.

Skrá skal spilliefni sem myndast vegna starfseminnar skv. 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni í samræmi við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Þá skal tryggt að starfsmenn hafi þekkingu á geymslu og meðhöndlun spilliefna og mögulegri hættu sem af þeim getur stafað. Skila skal þeim spilliefninum sem verða til við til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefninum.

Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil. Úrgang frá búinu, skal flytja reglulega til meðhöndlunar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna. Þessar kvittanir skulu aðgengilegar eftirlitsaðila.

### 3.12 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að búinu. Staðsetning og aðstaða til haugvinnslu, sbr. gr. 3.9, skal vera varin eftir fremsta megni til að hindra aðkomu fugla og meindýra með virku meindýraeftirliti. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

### 3.13 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6.

## 4 INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftifarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- fjölda fugla á hverjum tíma og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýting og fóðurgerð,
- vatnsnotkun, raforkunotkun og olíunotkun,
- magn og gerð hreinsiefna og sóthreinsiefna sem notuð eru á búinu,
- dreifingu húsdýraáburðar, dagsetningar, staðsetningu, magn og vindátt,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.4,
- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- prófun og kvörðun tækjabúnaðar,
- teikningar af frárennslí,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar,
- magn og gerð efnis sem er sent er til spilliefnamóttöku,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- niðurstöðum mats og/eða mælinga, skv. gr. 4.2.

### 4.2 Mælingar og/eða mat

Fullnægjandi aðstaða til losunarmælinga skal vera til staðar. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd losunarmælinga. Upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Árlega skal mæla og/eða meta losun köfnunarefnis og fosfórs úr húsdýraáburði<sup>28</sup> (sbr. gr. 3.3), rykmengun frá eldishúsum<sup>29</sup> og losun ammóníaks við eldishús<sup>30</sup> (sbr. gr. 3.7) skv. BAT-niðurstöðum.

Rekstraraðili skal vakta fjölda fugla, aðfluttra og fráfluttra, þ. á m. dauða fugla, neyslu fóðurs, magn húsdýraáburðar sem myndast við reksturinn skv. BAT-niðurstöðum<sup>31</sup> og skrá niður, sbr. gr. 4.1.

### 4.3 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til umhverfisupplýsinga ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

<sup>28</sup> BAT 24, sbr. gr. 3.1

<sup>29</sup> BAT 27 eða BAT 28, sbr. gr. 3.1

<sup>30</sup> BAT 25 eða BAT 28, sbr. gr. 3.1

<sup>31</sup> BAT 29, sbr. gr. 3.1

## 4.4 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.3. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

# 5 Umhverfisvöktun

## 5.1 Vöktunaráætlun

Umhverfisstofnun getur farið fram á við rekstraraðila að hann standi fyrir eða taki þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni búsins eða dreifingarstaða húsdýraáburðar. Slík áætlun skal vera í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur.

## 5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar sbr. gr. 5.1. Umhverfisstofnun getur krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

# 6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemin þessi fellur undir b-lið 6.6 í viðauka I laga nr. 7/1998 og b-lið 6.6 í viðauka I reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu starfsleyfisins, eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

# 7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til XX. mánuður 20XX.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um endurnýjun á starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfinu er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

**Reykjavík, XX. mánuður 2024**

**Umhverfisstofnun**

TILLAGA

## VIÐAUKI

### Yfirlit yfir fresti og skil:

Í eftifarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðin skil tilgreind:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 2.5 er kveðið á um að rekstraraðili skuli hefja uppsetningu umhverfisstjórnunarkerfis innan 6 mánaða frá útgáfu starfsleyfisins og skuli uppsetningu þess lokið innan 2 ára.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að mælingar skuli gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.3 og 3.7.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginexta starfsleyfisins gildir meginextinn.